



Hreppsnefnd 27. 05. 2009

Hreppsnefndarfundur haldinn miðvikudaginn 27. maí 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 12.00
Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Þórdís Þorbergsdóttir og Kristín H. Reynisdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá :

1. Fundargerð hreppsnefndar frá 14. maí sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 14. maí sl.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta-Síðari umræða-

Fyrri umræða ársreikninga fór fram 14. maí sl. og voru þá til umræðu Ársreikningar A- og B-hluta fyrir árið 2008, sundurliðanir ársreiknings, endurskoðunarskýrsla KPMG og greinargerð sveitarstóra með ársreikningum 2008. Á þann fund voru einnig mættir löggiltir endurskoðendur KPMG og gerðu þeir grein fyrir endurskoðunarvinnu sinni og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Öll þessi gögn eru til umfjöllunar hér í dag við síðari umræðu ársreikninga ársins 2008.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og skýrði helstu stærðir í fyrirbyggjandi

ársreikningum. Að öðru leyti vísaði hann til greinargerðar sinnar með reikningunum og skýringa og gagna KPMG.

Lagði hann síðan til að ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta yrðu samþykktir á fundinum við síðari umræðu hér í dag.

Nokkrar umræður urðu um ársreikningana þar sem fundarmenn lýstu skoðunum sínum. Fram kom í máli fulltrúa minnihluta að þó niðurstöðutölur væru ekki fagrar er hann sáttur við rekstur sveitarfélagsins og telur hann vera betri en áður. Lagði oddviti til að ársreikningurinn yrði sendur á heimili í sveitarfélaginu.

Í greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum 2008 kemur m.a. fram að: Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2008 eru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar hér í dag 14. maí 2009. Alls samanstanda reikningarnir af 13 sjóðum sem skiptast í 3 A- hluta sjóði og 10 B-hluta sjóði.

Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 405,3 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 199,8 m.kr., framlög jöfnunarsjóðs 150,6 m. kr. og aðrar tekjur 54,9 m. kr.

Heildargjöld voru á hinn vænginn 342,9 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum og fjármagnsliðum eru heildargjöld 433,0 m.kr.

Í heild var rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs því neikvæð um 27,7 m.kr. eftir afskriftir og fjármagnsliði.

A- hluti sveitarsjóðs skilar á hinn bóginn 62,4 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A- hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 107,3 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 507,5 m. kr., en heildarútgjöld þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnskostnaðar voru 635,1 m. kr. Samstæðan öll var samkvæmt því rekin með 127,6 m. kr. rekstrarhalla og hefur þá verið tekið tillit til reiknaðra afskrifta að fjárhæð 36,7 m.kr., sem er í raun reiknuð fjárhæð sem tekin er frá til viðhalds eigna sveitarfélagsins. Ennfremur hefur verið reiknað með fjármagnsliðum sem námu nettó 198,2 m.kr. Af þessu má sjá að fjármagnskostnaður vegur gríðarlega þungt í rekstrarútkomu sveitarfélagsins fyrir árið 2008. Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar ekki nema um liðlega 3,6%

eða úr 386,4 m. kr. 2007 í 400,2 m.kr. árið 2008. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda hækka um 40,7 % eða úr 451,5 m.kr. í 635,1 m.kr.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum, hagnaði og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 65 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 102,7 m.kr. Þessi fjárhæð gengur síðan ásamt nýjum lántökum til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 24,3 m.kr. en var í upphafi ársins 65,2 m. kr.

Fyrirliggjandi tillaga sveitarstjóra var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

3. Upplýsingamiðstöð/kaffihús Kaupvangi – Samningur við Kaupvangskaffi.

Lögð fram drög samkomulagi milli Vopnafjarðarhrepps og Kaupvangskaffis varðandi rekstur kaffihúss og upplýsingamiðstöðvar ásamt tiltekinni vinnu vegna Múlastofu.

Oddviti gerði grein fyrir samkomulaginu m. a. framlagi Vopnafjarðarhrepps að fjárhæð 900 þús. kr. vegna vinnuframlags Kaupvangskaffis og leigugreiðslna fyrirtækisins fyrir afnot af húsnæði fyrir kaffihúsið. Fram fór nokkur umræða um málið og þá einkum með þjónustu upplýsingamiðstöðvar við Múlastofu.

Lagði sveitarstjóri að umræðu lokinni síðan til að sér yrði falið að ganga frá endanlegu samkomulagi við Kaupvangskaffi á grundvelli fyrirliggjandi samningsdraga.

Samþykkt samhljóða.

4. Íþróttafélögin, samningar : a) Golfklúbburinn b) Einherji c) Hestamannafélagið.

Oddviti gerði grein fyrir því að hafin væri vinna við gerð rekstrarsamninga við íþrótt- og félagasamtök í sveitarfélaginu sem hafa fengið rekstrarframlög á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Engir skriflegir samningar hafi gilt á milli aðila í þessum efnum. Nauðsynlegt sé að festa samvinnu þessara aðila í samkomulagi til þess að styrkja enn frekar gott starf viðkomandi félagasamtaka og samvinnu þeirra við sveitarfélagið.

Lögð voru fram drög að samningi við Golfklúbb Vopnafjarðar og greint frá því að unnið væri að því að setja upp slík samningsdrög við ungmennafélagið Einherja og hestamannafélagið Glófaxa. Jafnframt væri æskilegt að samkomulag af þessum toga yrði unnið fyrir Björgunarsveitina Vopna. Fram fór síðan fram umræða um málefnið, töldu sveitarstjórnarmenn mjög gott að unnið væri að því að setja upp samninga milli sveitarfélagsins og viðkomandi félagasamtaka. Fram kom það sjónarmið að mikilvægt væri tryggt vinnuframlag félagsmanna enda byggðust félögin upp á meðlimum þeirra.

Samþykkt samhljóða að gengið yrði frá samkomulagi við Golfklúbbinn á grundvelli fyrirliggjandi draga.

Sveitarstjóra ásamt oddvita falið að ganga frá samkomulagi við hina í anda viðræðna á fundinum. Samkomulögin verði síðan lögð fram til endanlegrar samþykktar í sveitarstjórn.

5. Atvinnumál: Drekasvæðið b) Niðursuðumál c) Sjávarútvegsmál.

Gerð var grein fyrir því að tvö fyrirtæki 1) Aker Exploration og 2) Sagex Petroleum og Lindir Exploration hefðu lagt inn tilboð til olíuleitar á Drekasvæðinu.

Greindi sveitarstjóri frá því að boðað hefði verið til aðalfundar Dekasvæðisins ehf. 10. júní n. k. á Þórshöfn og þá væri við það miðað að sveitarstjórnarmenn frá Vopnafirði og Langanesbyggð hittust.

Farið var yfir framvindu mála varðandi fyrirhugaða niðursuðuverksmiðju, sem fyrirhugað er að stofnsetja á Vopnafirði. Vinna við undirbúning hennar er í fullum gangi.

Að lokum var fjallað um þau ánægjulegu tíðindi að síldveiði úr norsk-íslenska síldarstofninum væri hafin og að frysting væri í fullum gangi. Ennfremur voru ræddar fyrirhugaðar breytingar ríkisstjórnarinnar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Að umfjöllun lokinni fór fram mikil umræða um ofangreind mál, því fagnað að hreyfing væri á atvinnumálunum.

Ýmis bréf og erindi:

6. Fundur með samgönguráði 4. júní n. k. kl. 13.30-16.30 á Egilsstöðum.

Lagt fram til kynningar

7. Fundur með samráðsnefnd SSA á Vopnafirði föstudaginn 5. júní n. k.

Lagt fram til kynningar.

8. Málþing haldið 2. júní n. k. kl. 15.00-18.00. Samgöngumannvirki - Tækifæri fyrir Austurland.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:00